

**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu**

**06 441**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu**

**kt. 650914-2520**

**Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Verkefni embættisins eru eftirfarandi málaflokkar:

Persónuréttindi og fjölskyldumál. Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga. Loks falla hér undir umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.

Eignaréttindi og fullnusta krafna. Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknunum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafná á íbúðarhúsnæði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.

Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu. Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskírteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.

Sérverkefni fyrir landið allt

Veiting leyfa til ættleiðinga, sbr. 1. gr. laga nr. 130/1990 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðingar.

Afgreiðsla nauðungarvistana, sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, sbr. reglugerð nr. 1123/2006

Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga nr. 76/2003

Skráning heimagistingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málefnaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.353,7 milljónir og afkoma kr. -9,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -36,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 200,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárvöldu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisini í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisini fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Sigríður Kristinsdóttir

Sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.192.800.000	1.118.600.000
Seld þjónusta .....	3	114.696.810	15.091.047
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	35.246.474	3.750.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>10.944.066</u>	<u>9.873.964</u>
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.353.687.350</b>	<b>1.147.315.011</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.115.820.963	964.073.042
Annar rekstrarkostnaður .....	6	236.191.333	201.796.817
Afskriftir .....	7	<u>10.944.066</u>	<u>9.873.964</u>
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.362.956.362</b>	<b>1.175.743.823</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(9.269.012)	(28.428.812)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		90	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(4.386)</u>	<u>(2.471)</u>
		<u>(4.296)</u>	<u>(2.471)</u>
	<b>Afkoma ársins</b>	<b><u>(9.273.308)</u></b>	<b><u>(28.431.283)</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		49.862.274	51.866.255
Aðrar eignir .....		566.119	566.119
		<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>50.428.393</b>
			<b>52.432.374</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		3.269.700	3.221.911
Tengdir aðilar .....	8	133.311.504	75.967.222
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	888.329	42.558.125
Handbært fé .....	10	12.594.180	71.756.990
		<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>150.063.713</b>
			<b>193.504.248</b>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>200.492.106</b>
			<b>245.936.622</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		(36.261.521)	(26.988.213)
		<b>Eigið fé samtals</b>	<b>(36.261.521)</b>
			<b>(26.988.213)</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	22.086.005	94.493.813
Viðskiptaskuldir .....		11.661.246	1.628.338
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	149.611.295	119.063.537
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	53.395.081	57.739.147
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>236.753.627</b>
			<b>272.924.835</b>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>200.492.106</b>
			<b>245.936.622</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(9.273.308)	(28.431.283)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir .....	7	10.944.066	9.873.964
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(10.944.066)	(9.873.964)
		(9.273.308)	(28.431.283)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		41.622.007	(43.346.058)
Tengdir aðilar .....		(132.092.175)	75.055.761
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		40.580.666	11.046.426
		(49.889.502)	42.756.129
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(59.162.810)</b>	<b>14.324.846</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(8.940.085)	(8.486.833)
		(8.940.085)	(8.486.833)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		2.340.085	1.886.833
Fjárfestingarframlag .....		6.600.000	6.600.000
		8.940.085	8.486.833
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(59.162.810)	14.324.846
		71.756.990	57.432.144
	<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>12.594.180</b>	<b>71.756.990</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	Óafskrifaað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# **Skýringar**

## **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.192.800.000	1.118.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	10.944.066	9.873.964
	<b>1.203.744.066</b>	<b>1.128.473.964</b>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.101.500.000	0	0	1.101.500.000
Millifært úr varasjóð .....	9.500.000	0	0	9.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	81.800.000	0	0	81.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.192.800.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.192.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.202.073.308)	0	0	(1.202.073.308)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(9.273.308)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(9.273.308)</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	102.485.069	5.562.664
Ýmsar þjónustutekjur .....	2.997.331	2.586.963
Veitinga- og gistiþjónusta .....	9.214.410	6.941.420
	<b>114.696.810</b>	<b>15.091.047</b>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	875.000	0
Kostnaðarhlutdeild .....	636.869	0
<b>Ýmsar tekjur .....</b>	<b>25.569.386</b>	<b>0</b>
	<b>35.246.474</b>	<b>3.750.000</b>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	902.550.357	843.629.997
Orlof, breyting .....	1.300.359	16.733.850
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	0	(92.725.893)
Launatengd gjöld .....	201.521.344	189.969.205
Starfsmannakostnaður .....	10.448.903	6.465.883
	<b>1.115.820.963</b>	<b>964.073.042</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	102,4	100,0

## Skýringar

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	7.192.121	6.231.597
Byggingarvörur, almennar .....	58.444	3.637
Ýmis tæki og áhöld .....	2.220.765	2.032.232
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	20.145	57.580
Orkugjafar .....	4.866.989	5.675.637
Matvæli .....	13.017.842	14.943.192
Almennar rekstrarvörur .....	2.095.868	2.431.776
Vörukaup, almenn	29.472.174	31.375.651
Fundir, námskeið, risna .....	433.843	246.685
Ferðir, uppihald .....	1.473.157	1.944.253
Akstur .....	2.520.050	2.636.432
Sérfræðipjónusta .....	22.149.921	8.806.534
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	7.296.615	3.930.864
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	290.140	274.523
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.568.322	1.999.513
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	36.732.048	19.838.804
Afnotagjöld .....	8.158.273	7.075.150
Leigugjöld .....	93.818.755	87.853.832
Notkun véla og flutningatækja .....	1.067.748	1.842.486
Verkkaup .....	20.414.510	22.378.531
Kostnaðarhlutdeild .....	46.527.308	31.391.065
Opinber gjöld .....	517	41.298
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	169.987.111	150.582.362
Annar rekstrarkostnaður samtals	236.191.333	201.796.817

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	49.862.274	51.866.255
Aðrar eignir .....	566.119	566.119
	<u>50.428.393</u>	<u>52.432.374</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01. ....	111.885.061	566.119	112.451.180
Viðbætur á árinu .....	8.940.085	0	8.940.085
Selt/úrelt á árinu .....	(77.394)	0	(77.394)
	<u>120.747.752</u>	<u>566.119</u>	<u>121.313.871</u>
=Afskriftir 1/1 .....	60.018.806	0	60.018.806
Afskrift ársins .....	10.944.066	0	10.944.066
Selt/úrelt á árinu .....	(77.394)	0	(77.394)
	<u>70.885.478</u>	<u>0</u>	<u>70.885.478</u>
Staða í árslok .....	<u>49.862.274</u>	<u>566.119</u>	<u>50.428.393</u>

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	132.327.465	70.596.260
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	984.039	5.370.962
	<u>133.311.504</u>	<u>75.967.222</u>

Skuldri við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	22.086.005	94.493.813
	<u>22.086.005</u>	<u>94.493.813</u>

### 9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	322.653	42.558.125
Skattar .....	565.676	0
	<u>888.329</u>	<u>42.558.125</u>

### 10 Handbært fé

Sjóðir .....	350.000	354.100
Tékkareikningar .....	12.244.180	71.402.890
	<u>12.594.180</u>	<u>71.756.990</u>

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja að fjárhæð kr. 1.396,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi

# Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

## 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(26.988.213)	1.443.070
Afkoma ársins	(9.273.308)	(28.431.283)
Jöfnuður 31.12.	(36.261.521)	(26.988.213)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	120.225.785	118.925.426
Önnur ógreidd gjöld	29.385.510	138.111
	149.611.295	119.063.537

## 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	50.428.393	52.432.374
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.966.688	5.306.773
	53.395.081	57.739.147

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	52.432.374	5.306.773	57.739.147
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.600.000	6.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.940.085	(8.940.085)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(10.944.066)	0	(10.944.066)
	50.428.393	2.966.688	53.395.081

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 13 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## **Skýringar**

### **14 Aðrar upplýsingar**

#### *Skuldbindandi samningar*

Embættið hefur gert two skuldbindandi samninga um húsnæði að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. Annars vagnar húsaleigusamning um 2.958 m<sup>2</sup> til 31. ágúst 2041 og hins vegar 559,1 m<sup>2</sup> til 29. febrúar 2028. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 98 milljón.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.